

Til nefndarsviðs Alþingis.

Við í stjórn samtakanna **Landsbyggðin lifi** leggjum áherslu á ábyrgð ráðherra á að móta almenna stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins.

Við teljum að framlagning þingsályktunartillögunnar stuðli að því að knýja á um slíka stefnumótum og erum því hlynnt því að hún verði lögð fram þó að við höfum vissar efasemdir um árangur.

Til nokkurrar útskýringar og áréttingar fylgir hér með umsögn félaga okkar, Þorsteins Bergssonar, fyrrum bónda á Unaósi á Fljótsdalshéraði.

Fyrir hönd samtakanna Landsbyggðin lifi.

Dalvík / Egilsstöðum, 27. febrúar 2018

Björgvin Hjörleifsson formaður

Vigfús Ingvar Ingvarsson ritari

Þótt mér finnist tillagan að **ymsu** leyti góðra gjalda verð og sömuleiðis að hún sé eflaust samin og lögð fram af góðum hug, hef ég efasemdir um gagnsemi hennar, m.a. vegna eftirfarandi:

Í lögum nr. 123/2015 um opinber fjármál segir: **43. gr. Meðferð og fyrirsvar eigna og réttinda í eigu ríkisins.**

Ráðherra fer með eignarhlut ríkisins í félögum, fasteignum, jörðum, fasteignatengdum réttindum, auðlindum og öðrum réttindum ríkisaðila í A-hluta og sér um fyrirsvar þeirra, öflun og ráðstöfun, nema lög eða stjórnvaldsfyrirmæli kveði á um annað.

Ráðherra mótar almenna stefnu um eignir og réttindi í eigu ríkisins. Slík stefna skal fjalla um markmið og áherslur ríkisins um meðferð og nýtingu eigna og réttinda, eftir eignaflokkum skv. 1. mgr.

Ráðherra er heimilt að færa daglega umsýslu eigna skv. 1. mgr. til sérstakrar starfseiningar eða ríkisaðila sem starfar á hans ábyrgð. Þeirri starfseiningu eða ríkisaðila er heimilt, að höfðu samráði við ráðherra, að færa afnot, umsjón og rekstur eigna til annars ríkisaðila með sérstöku samkomulagi.

Til frekari skýringar skal tekið fram að hér er átt við fjármála- og efnahagsráðherra og að heimildin í 3. mgr. hefur þegar verið notuð. Sá ríkisaðili heitir Ríkiseignir og er væntanlega A-hlutastofnun í skilningi laganna.

Ekki vil ég ætla þingmönnum það að þekkja ekki lög landsins en ef til vill er rétt að vekja athygli þeirra sem leggja tillöguna fram á þessu skýra lagaákvæði og því að líklega sé óþarfi að leggja fram þingsályktunartillögu um að Alþingi feli ráðherra aðgerðir í máli sem þegar er skýrt kveðið á um í lögum að honum beri að framkvæma (m.ö.o. um að Alþingi feli fjármálaráðherra að virða lög landsins). Nema ætlunin sé að skerpa á þessari lagaskyldu, en hún er þó hvergi nefnd í tillögunni, jafnvel ekki í greinargerð með henni, þótt þar sé vitnað til annarra laga. Hitt er svo annað mál, og má

kannski virða þingmönnum til vorkunnar, að umrætt ráðherraembætti hefur vissulega enn sem komið er hunsað þessa lagaskyldu, þótt skipt hafi verið í tvígang um ráðherra þess frá því að lögin voru sett. Það hef ég líka reynt á sjálfum mér í samskiptum mínum við Ríkiseignir, því þegar ég þrýsti á um að stofnunin ráðstafaði fyrrum ábúðarjörð minni, Unaósi á Fljótsdalshéraði, til nýrrar ábúðar sem fyrst, vegna þess áhuga sem ég vissi af hjá fólki sem vildi hefja búskap, bar talsmaður hennar því jafnan við að ráðuneytið væri ekki búið að móta stefnu um hvernig fara ætti með ríkisjarðir. Þessi viðbára var notuð á fleiri stöðum og fullyrða má að þessi dráttur hafi nú tafið ráðstöfun ríkisjarða án ábúðar um allt að þrjú ár sem er að sjálfsgöðu óviðunandi og hugsanlega það ástand sem þingmennirnir vilja bæta úr með tillögu sinni.

Ég hef einnig vakið athygli forstöðumanns ríkisjarða hjá Ríkiseignum á því að í 40. gr. áðurnefndra laga um opinber fjármál er ákvæði sem heimilar Ríkiseignum (sem og öðrum A-hlutaaðilum) „... án atbeina ráðherra og hlutaðeigandi ráðherra, ...“

að gera samninga til allt að fimm ára um „afmörkuð rekstrarverkefni“ (undir það gætu tímabundnir ábúðarsamningar vissulega fallið). Slíkar ráðstafanir eru enn fremur, samkvæmt 4. mgr. 40. gr., ekki háðar annarri stefnumótun en þeirri sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun ríkisins (sem væntanlega liggur fyrir). Ríkiseignum er því í lófa lagið að bæta úr vandanum þegar í stað, a.m.k. til skemmri tíma. Hafi þingmennirnir brennandi áhuga að leyst verði úr málinu sem fyrst ættu þeir því hugsanlega frekar að beina kröftum sínum milliliðalaust að stofnuninni Ríkiseignum, fremur en bíða ásamt öllum öðrum enn lengur eftir þeim Godot sem heitir stefnumörkun fjármálaráðuneytisins hvað varðar ráðstöfun ríkiseigna.

Egilsstöðum 25. febrúar, 2018

Þorsteinn Bergsson